

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Bt. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur

Skrifstofa Alþingis

101 Reykjavík

umsagnir@althingi.is

Dags. 21. mars 2024

Tilv. 5618-0-0005

Mál 2024-0092

Með erindi dags. 12. mars sl. óskaði nefnda- og greiningasvið Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu Íslands um málefni hafsins, þingskj. 695 - 560. mál.

Umsögn Veðurstofu Íslands er sem hér segir:

Veðurstofa Íslands telur jákvætt að mótuð verði heildarstefna um málefni hafsins sem tekur til loftslagsbreytinga, sjálfbærar nýtingar og verndunar líffræðilegs fjölbreytileika. Tímarammi tillögunnar er þó mjög knappur og ekki ljóst hvernig hægt er að standa við áfangaskýrslu um miðjan apríl n.k. Hvað varðar þau efnisatriði sem tillagan nefnir þá telur Veðurstofan að áhrif loftslagsbreytinga á sjávarstöðu, skilyrði í hafi og lífríki hafsins séu ákaflega mikilvæg þegar kemur að efnistöku.

Rökstuðningur fyrir þessum efnisatriðum er eftirfarandi: Loftslagsbreytingar hafa á liðnum áratugum haft áhrif á náttúru og samfélög á öllum meginlöndum og um öll heimsins höf. Með áframhaldandi losun gróðurhúsalofttegunda munu breytingar halda áfram. Hingað til hefur hafið tekið upp 91% af þeim umframvarma sem stafar af auknum gróðurhúsaáhrifum og um 50% af sjávarstöðuhækkun frá 2006 til 2018 stafa af hlýnun sjávar.

Í skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar sem kom út haustið 2023 er athyglinni m.a. beint að sjávarstöðubreytingum við Ísland og þar kemur fram að þær munu ráðast af landhæðarbreytingum, hlýnun sjávar og massatapi ísbreiðanna á Suðurskautslandinu og Grænlandi. Þá kemur fram að til aldamóta gæti afstæð sjávarstaða hækkað um allt að 1,2 m, þar sem landsig við ströndina er mest, en á svæðum, þar sem landris er mest, getur afstæð sjávarstaða fallið um 1,5 m.

Veruleg óvissa ríkir um þróun hnattrænnar sjávarstöðu og sjávarstöðu í kringum Ísland eftir árið 2100. Ítrustu mörk verstu sviðsmyndar sýna margra metra hækkun árið 2150, en miðgildi hækkunar er á bilinu 1–2 m hér við land og víða undir einum metra. Mikilvægt er að muna að sjávarstöðubreytingar munu halda áfram öldum saman jafnvel þó að náist að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Nefndin áréttar að skipulagsákvæðanir sem teknar eru nú á dögum munu hafa áhrif á byggð og innviði í nokkur hundruð ár.

Í skýrslu vísindanefndar er einnig fjallað um lífríki sjávar og þróun skilyrða þar. Fram kemur að hækkandi sjávarhiti hefur áhrif á útbreiðsluvæði margra lífvera sjávar, þar sem hlýsjávartegundir geta aukið útbreiðslu sína en útbreiðsla kaldsjávartegunda dregist saman. Með áframhaldandi hlýnun sjávar verður líklega framhald á þessari þróun. Breytt umhverfisskilyrði hafa dregið úr nýliðun margra hlýsjávartegunda á síðustu 20 árum, og sjófuglar sem hafa loðnu og sandsíli að ætu hafa minnkað verulega. Þá hefur súrnun sjávar orðið hraðari hér við land en að jafnaði í heimshöfunum, og ljóst er að súrnun mun einungis stöðvast þegar draga fer úr styrk gróðurhúsalofttegunda í lofthjúpinum. Súrnun hefur almennt neikvæð áhrif á lífverur.

Í ábendingum vísindanefndar kemur fram að það umbreytingaskeið sem fer í hönd á næstu áratugum mun valda álagi á vistkerfi sjávar. Mikilvægt er að öðru álagi, t.d. vegna ofnýtingar, rasks búsvæða og mengunar, sé haldið í lágmarki á sama tíma. Skilvirk fiskveiðistjórnun, byggð á víðtækri og samfelldri vöktun, verður því sífellt mikilvægari.

Í ljósi ofanskráðs bendir Veðurstofa Íslands einnig á að hlýnun hafsins mun hafa afleiðingar á samfélagið vegna breytinga á sjávarstöðu sem getur skapað verulegt tjón. Aðlögun að loftslagsbreytingum miðar að því að draga úr því tjóni sem loftslagsbreytingum fylgir og mikilvægt er að skipulegri aðlögun verði beitt. Hvað sjávarstöðubreytingar varðar skipta skipulagsmál miklu máli og umtalsverðir þjóðhagslegir hagsmunir í því að skipulag á lágsvæðum taki mið af sjávarstöðubreytingum. Eins og yfirstandandi atburðir sýna getur verulegur kostnaður getur fylgt náttúruhamföllum og mikilvægt að reyna að forðast tjón í framtíðinni.

Virðingarfyllt,
fh. Veðurstofu Íslands



Hrafnhildur Valdimarsdóttir
Staðgengill forstjóra Veðurstofu Íslands